



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

KÖNNUN Á NEYSLUVENJUM OG VIÐHORFUM TIL ENDURVINNSLU

Samstarfsverkefni Sorpu bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar
Suðurnesja sf., Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Neytendasamtakanna, Landverndar
og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands

Einar Mar Þórðarson
Fanney Þórisdóttir
Friðrik H. Jónsson

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	8
2.	Framkvæmd og heimtur	8
3.	Neysluhópar	9
4.	Sóun íslenskra heimila	13
5.	Sóun á vöru og þjónustu.....	19
6.	Gjafir.....	25
7.	Viðhorf og ástæður sóunar.....	28
8.	Viðhorf til sorpflokkunar	33
9.	Viðauki I.- Sóun.....	41
10.	Viðauki II. Flokkun og endurvinnsla	115
11.	Viðauki II. Spurningarlisti	144

Töfluskrá

Tafla 1.	Hversu oft er mat hent á þínu heimili?.....	13
Tafla 2.	Telur þú að mikið eða lítið af mat fari til spillis á þínu heimili?.....	13
Tafla 3.	Hversu oft er eftirfarandi mat- og drykkjavörum hent á þínu heimil?	14
Tafla 4.	Hversu miklu telur þú að varið sé í matvæli á þínu heimili í venjulegri viku?	17
Tafla 5.	Hvert telur þú vera verðmæti þeirra mat- og drykkjarvöru sem hent er á þínu heimili í venjulegri viku?.....	17
Tafla 6.	Á mínu heimili er matvælum hent af því að.....	18
Tafla 7.	Hversu oft er verslað í matinn á þínu heimili?	18
Tafla 8.	Hversu oft gerir þú innkaupalista þegar að þú ferð og verslar fyrir heimilið? Myndir þú segja að það væri.....	18
Tafla 9.	Hefur þú keypt þér heilsutengda vöru eða þjónustu sem var sjaldan eða aldrei notuð?.....	19
Tafla 10.	Hefur þú keypt fatnað sem hefur sjaldan eða aldrei verið notaður?	20
Tafla 11.	Hefur þú keypt raftæki eða búnað sem hefur verið lítið eða aldrei notaður?	21
Tafla 12.	Ýmis afþreying.....	21
Tafla 13.	Sóun í útsölur og netverslanir	22
Tafla 14.	Hversu er eytt í hluti sem ekki nýtast á ári.....	23
Tafla 15.	Ef þú hugsar um þær gjafir sem þú færð að jafnaði hversu margar telur þú að hafi komið að góðum notum?	26
Tafla 16.	Hversu miklum peningum, um það bil, verð þú til gjafa í meðalári?.....	27
Tafla 17.	Ástæða þess að ég sóa peningum er... (einungis þeir sem telja sig sóa peningum).....	29
Tafla 18.	Telur þú þig geta dregið úr peningaeyðslu og ráðstafað peningunum þínum á skynsamari hátt?	31
Tafla 19.	Hvað myndir þú vilja gera ef þú sóaðir ekki peningum og hefðir því rýmri fjárráð	31
Tafla 20.	Telur þú almennt séð, að Íslendingar sói miklum eða litlum peningum	32
Tafla 21.	Hvort telur þú að karlar eða konur sói almennt meiri peningum?.....	32
Tafla 22.	Eru eftirtaldir hlutir alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei flokkaðir frá sorpi á þínu heimili?	33
Tafla 23.	Á mínu heimili er sorp ekki flokkað í meira mæli því.....	35
Tafla 24.	Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú myndir flokka meira ef flokkað sorp væri sótt heim til þín?	37
Tafla 25.	Hvort ert þú fylgjandi eða andvígur því að heimilin borgi fyrir sorphirðu eftir magni?	37
Tafla 26.	Veltir þú fyrir þér magni umbúða utan um vörur þegar þú kaupir þær?	37
Tafla 27.	Reynir þú að minnka það magn sem fer í ruslið með því að.....	38

Tafla 28.	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum	38
Tafla 29.	Þekkir þú til verkefnisins Vistvernd í verki?.....	40

Myndaskrá

Mynd 1.	Hlutfall sem hendir einu sinni í mánuði eða oftar	14
Mynd 2.	Hverjir henda mest af matvælum (kvarði 0-44).....	15
Mynd 3.	Hefur þú keypt matvæli í risapakkingum og nota einungis hluta og hent afganginum á síðustu 6 mánuðum?.....	16
Mynd 4.	Hefur þú fengið gjöf sem þú hefur ekki not fyrir en af tillitsemi við gefandann skiptir þú henni ekki?	25
Mynd 5.	Hefur þú fengið gjöf sem þú hefur ætlað að skila eða skipta en aldrei látið verða af því?.....	26
Mynd 6.	Hefur þú keypt dýrari gjöf en þú hefur viljað eingöngu vegna þess að það er venjan.	27
Mynd 7.	Að teknu tilliti til alls þess sem spurt var um hér að framan telur þú þig einhvern tímann sóa peningum?.....	28
Mynd 8.	Hefur þér einhver tímann fundist þú verða að sóa peningum vegna utanaðkomandi þrýstings eða til að geta að haldið í vini eða nágranna?	28
Mynd 9.	Viðhorf til sóunar (kvarði 1-5).....	30
Mynd 10.	Hversu oft eru hlutir flokkaðir frá sorpi (kvarði frá 0 til 36).....	34
Mynd 11.	Hversu jákvætt eða neikvætt fólk er til flokkunar (kvarði frá 1 til 5)	36
Mynd 12.	Viðhorf til flokkunar (kvarði 1 til 5).....	39

1. Inngangur

Neysluvenjur íslenskra heimila og sá úrgangur sem þeim fylgja hafa lítið verið rannsakaðar og markmið þessa verkefnis var að gera bót þar á. Rannsóknin er samstarfsverkefni Sorpu bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Neytendasamtakanna, Landverndar og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Þessi rannsókn leiðir ljós Íslendingar sóar miklum verðmætum á hverju ári. Þó nokkuð af matvælum virðist fara til spillis á íslenskum heimilum og ýmsar ástæðu eru fyrir því. Einnig virðast Íslendingar eyða peningum sínum í alls konur hluti sem eru lítið sem ekkert notaðir og enda margir í ruslinu.

Er það von þeirra sem standa að þessu verkefni að það vekji fólk til umhugsunar og vitundar um hversu miklum verðmætum er sóað í samfélaginu og hversu mikinn óþarfa úrgang sú soun skapar.

Einnig var könnuð afstöða til flokkunar og endurvinnslu og munu þær upplýsingar vonandi hafa áhrif á stefnumótun í þessum málaflokki til framtíðar. Umhverfismál verið í brennidepli á síðustu misserum og vonandi munu niðurstöður þessa verkefnis vera mikilvægt innlegg í þá umræðu.

2. Framkvæmd og heimtur

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kannaðir viðhorf landsmanna til sounar og endurvinnslu. Könnun fór þannig fram að sendir voru til spurningalistar til 3000 Íslendinga 18 ára og eldri sem valdir voru af handahófi úr þjóðskrá. Einnig var fólki gefinn kostur á að svara könnuninni á netinu og fékk til þess aðgangs- og lykilorð. Gagnasöfnun tók talsverðan tíma þar sem ganga þurfti eftir svörun að bæði bréflega og með því að hringja í fólk. Alls svöruðu 1198 manns eða rétt um 40%. Nokkuð þurfti að ganga eftir ákveðnum hópum til að svara en eftir að það var gert endurspeglar svarendur í könnuninni þýðið nokkuð vel.

3. Neysluhópar

Í þessari könnun hefur neytendum verið skipt í fjóra neysluhópa, samviskusama neytendur, kærulausa neytendur, sakbitna neytendur og hömlulausa neytendur með klasagreiningu á gögnunum. Þessir hópar byggjast á eigin viðhorfum svarenda um hvort þeir telja sig sóa peningum og hvaða viðhorf þeir hafa til sóunarinnar.

Neysluhóparnir voru búnir til út frá eftirfarandi spurningum:

- Telur þú þig einhvern tíman sóa peningum.
- Þegar ég sóa peningum truflar það mig ekki.
- Þegar ég sóa peningum fæ ég samviskubit.
- Þegar ég sóa peningum nýt ég þess.
- Þegar ég sóa peningum finnst mér það í góðu lagi því ég hef efni á því.
- Þegar ég sóa peningum finn ég fyrir máttleysi gagnvart eyðslunni.
- Þegar ég sóa peningum verð ég argur/örg.
- Þegar ég sóa peningum verð ég kvíðin(n).
- Ástæða þess að ég sóa peningum er að ég á það skilið og ég vil verðlauna mig.
- Ástæða þess að ég sóa peningum er að ég hef nokkra ánægju af því að sóa aðeins.
- Ástæða þess að ég sóa peningum er að ég hef það ágætt fjárhagslega og hef efni á því að sóa aðeins.
- Ástæða þess að ég sóa peningum er að ég hef litla stjórn á eyðslu minni.
- Ástæða þess að ég sóa peningum er að ég nýt þess að sóa peningum.
- Ástæða þess að ég sóa peningum er að ég geri mér illa grein fyrir þörfum mínum/heimilisins.

Eins og sjá má á spurningunum hér að ofan eru hóparnir dregnir út eftir viðhorfum þeirra til eyðslu og sóunar og hversu vel fólki finnst það hafa stjórn á neyslu sinni. Flestir sóa endrum og eins og því lagt nokkuð upp úr því að mæla viðhorf fólks til eigin sóunar.

Samviskusami neysluhópurinn

Um 30% svarenda flokkast sem samviskusamur neysluhópur. Þessi hópur telur sig ekki sóa peningum. Ef greind eru svör við spurningum um sóun þá virðist sem að þessi hópur kaupa minnstan óþarfa og sói því minni peningum en aðrir. Þessi hópur er duglegri að flokka sorp en aðrir hópar og hefur jákvæðara viðhorf til flokkunnar. Í þessum hópi eru fleiri konur en karlar og meðalaldur í þessum hópi er hærri en í öðrum.

Sakbitinn neysluhópurinn

Um 20% svarenda flokkast sem sakbitinn neysluhópur. Það sem einkennir þá sem tilheyra þessum hópi einna helst er að þeir verða argir og fá samviskubit þegar að þeir sóa peningum. Þeir sem tilheyra þessum hópa eru jafnframt kvíðnir og finna fyrir máttleysi þegar að þeir sóa peningum. Þessum hópi finnst sem hann sói mikið og hafi litla stjórn á eyðslu en þegar að nánar er að gáð er það ekki raunin miðað við aðra hópa.

- Konur í meirihluta
- Fólki með grunnskólapróf líklegri til að vera þessum hópi en fólki með aðra menntun
- Verja lægri peningaupphæð til gjafa en hinir hóparnir
- Eru líklegri til að hafa keypt dýrari gjöf en þeir hafa viljað eingöngu vegna þess að það er venjan
- Líklegri til að finnast þeir verða að sóa peningum vegna utanaðkomandi þrýstings eða til að geta haldið í við vini eða nágranna
- Líklegri en aðrir til að hugsa vandlega um notagildi þess sem þeir kaupa og ólíklegri til að kaupa hluti sem koma ekki að notum
- Líta frekar en hinir hóparnir svo á að það sé skylda sín að flokka sorp vegna umhverfisins – hafa sterkari umhverfisvitund
- Kaupa frekar en hömulausir óþarfa til að gera góð kaup

Kærulausir neytendur

Tæp 30% svarenda flokkast sem kærulaus neysluhópur en þeir sóa peningum vegna þess að þeir gera sér illa grein fyrir þörfum sínum og heimilisins. Þeir njóta þess að sóa peningum og telja sig hafa litla stjórn á eyðslu sinni. Þessi hópur er meðvitaður um soun sína og er jafnvel með örlítið samviskubit yfir henna þó án þess að missa svefn.

- Karlar í meirihluta
- Fólki með háskólamenntun líklegri til að vera í þessum hópi en fólk með aðra menntun
- Búa frekar en aðrir hópar á heimili þar sem matvælum er hent aðrir hópar
- Ólíklegri en aðrir til að hugsa vandlega um notagildi þess sem þeir kaupa
- Líklegri en aðrir til að kaupa hluti sem koma ekki að notum
- Flokka sorp í meira mæli en aðrir hópar.
- Líta síður en hinir hóparnir svo á að það sé skylda sín að flokka sorp vegna umhverfisins

Hömlulausi neysluhópurinn

Rúm 20% svarenda flokkaðist sem hömlulaus neysluhópur og það sem helst einkennir þennan hóp er að þeir eyða peningum vegna þess að þeir hafa ánægju af því og njóta þess. Þeir telja sig einnig hafa það ágætt fjárhagslega og hafa efni á því að sóa aðeins og þeir verðlauna sig með því að sóa peningum. Það truflar þá ekki að sóa peningum og þeir verða hvorki argir né kvíðnir.

- Jöfn kynjaskipting
- Meðalaldur hærri en í hinum hópnunum
- Fólk með bóklegt og verklegt framhaldsnám líklegri til að vera í þessum hópi en fólk með aðra menntun
- Að meðaltali færri í heimili en hjá hinum hópnunum
- Að meðaltali færri börn á framfæri heimilisins en hjá hinum hópnunum
- Eru líklegri en aðrir til að flokka meira ef flokkað sorp væri sótt heim til þeirra
- Kaupa síður en kærulausir óþarfa til að gera góð kaup

- Kaupa frekar en aðrir óþarfa smádót (DVD, geisladiska, bækur).

Frekar verður fjallað um þessa hópa í seinna í skýrslunni í sérstökum dálkum sem kallaðir eru neysluhópar. Eins og sjá má í þeirri umfjöllun gerast allir hóparnir sekir um sóun. Eins komið hefur fram þá byggjast þessir hópar á viðhorfum fólks til sóunar og þessi viðhorf koma berlega í ljós þegar spurt er nánar út í eyðslu og ekki síst sóun. Hömlulausi hópurinn sóar mest í flestum tilvikum en lætur það ekki trufla sig. Sakbitni hópurinn kemur þar á eftir og gerir sér ágætlega grein fyrir sóuninni og hefur samviskubit yfir henni. Hann hefur mestar áhyggjur af sóun sinni og finnst hún stjórnlaus og líður illa yfir henni. Kærulausi hópurinn sóa næst minnst en hann er meðvitaður um sína sóun en lætur hana ekki trufla sig eins mikið og sakbitni hópurinn. Samviskusama hópurinn sóar minnst og virðist vera nokkuð meðvitaður neysluhópur.

Þó að hér séu dregnar upp nokkuð einfaldaðar myndir af íslenskum neytendum er ekki ólíklegt að þær séu nokkuð nærri lagi og flestir geta sjálfsagt fundið samsömun með einhverjum hópnum.

4. Sóun íslenskra heimila

Fólk var spurt af því hversu oft mat væri hent á heimilinu og þá var átt við nánast allan mat nema matarleifar og það sem hreinsast frá við matseld. Um 6% svarenda sögðu slíkt gerast daglega en um fjórðungur hendir mat nokkrum sinnum í viku. Um helmingur segist henda mat vikulega eða oftár en hinn helmingurinn hendir mat sjaldnar. Mikill munur er á því hve mat er hent oft á heimilinu eftir aldri svarenda en mat er mun oftár hent á heimilum yngri svarenda heldur en þeim eldri ($\alpha=0,001$). Einnig er mat hent oftár eftir því sem fleiri eru búa á heimilinu ($\alpha=0,001$). Talsverður munur kom fram eftir starfi, menntun og heimilistekjum ($\alpha=0,001$) enda oftár en ekki tengd atriði en eftir því sem fólk er með meiri menntun og hærri tekjur er mat hent oftár á heimilinu (sjá nánar í Viðauka I).

Tafla 1. *Hversu oft er mat hent á þínu heimili?*

	Fjöldi	Hlutfall
Daglega	70	6,0%
Nokkrum sinnum í viku	290	24,7%
Einu sinni í viku	218	18,6%
Nokkrum sinnum í mánuði	217	18,5%
Sjaldnar	291	24,8%
Aldrei	87	7,4%
Samtals	1173	100

Þegar fólk er spurt hvort það telji að mikilli eða lítill matur fari til spillis á heimili þeirra eru flestir (60%) á því að lítill matur fari til spillis (sjá töflu 2). Um 17% telja mikinn fara til spillis. Konur eru frekar á því að matur fari til spillis á heimili þeirra, einnig þeir sem yngri eru og þeir sem eru með fleiri í heimili ($\alpha=0,001$). Svipað er upp á teningnum eftir því sem menntun og tekjur aukast ($\alpha=0,001$) (sjá nánar í Viðauka I).

Tafla 2. *Telur þú að mikið eða lítið af mat fari til spillis á þínu heimili?*


	Fjöldi	Hlutfall
Mjög mikið	19	1,6%
Frekar mikið	180	15,3%
Hvorki mikið né lítið	225	19,2%
Frekar lítið	393	33,5%
Mjög lítið	356	30,3%
Samtals	1173	100

Fólk var spurt hversu oft það henti ákveðnum matvörum kom ekki á óvart að ferskvara lenti oftast í ruslafötunni eina og sjá má í töflu 3. Salati eða káli og brauði er lang oftast hent. En þar á eftir koma ávextir, gos og ávaxtasafi og unnin kjötvara. Pakkavöru og frosnum matvælum er sjaldnast hent.

Tafla 3. *Hversu oft er eftirfarandi mat- og drykkjavörum hent á þínu heimil?*


	Einu sinni í viku eða oftar	2-3 sinnum í mánuði	Einu sinni í mánuði	5-10 sinnum í mánuði	Sjaldnar	Fjöldi
Hluta af salati eða káli	17%	32%	20%	7%	24%	1151
Hluta af brauði	16%	28%	16%	7%	33%	1136
Einum eða fleiri ávöxtum	5%	23%	26%	10%	37%	1128
Afgangi af drykkjavöru t.d. gosi eða ávaxtasafa	7%	15%	15%	11%	53%	1142
Hluta af unnu kjötáleggi t.d. Skinku	2%	11%	27%	12%	49%	1133
Hluta af sósu eða ídýfu	2%	12%	22%	16%	48%	1144
Mjólkurvörum	3%	12%	22%	10%	54%	1140
Hluta af tilbúnum réttum eða skyndibita	1%	5%	8%	7%	79%	1131
Hráum fisk eða kjöti	1%	2%	6%	6%	85%	1132
Hluta af pakkavöru t.d. kexi eða morgunkorni	0%	1%	4%	5%	90%	1133
Frosnum matvælum	0%	0%	5%	4%	91%	1130

Langflestir eða um 70% henda salati eða káli einu sinni í mánuði eða oftar. Á 60% heimila fer brauð í ruslið í hverjum mánuði sama gildir um ávexti á rúmlega helmingi heimila. Einungis 5% heimila henda frosnum matvælum mánaðarlega (sjá mynd 1).



Mynd 1. *Hlutfall sem hendir einu sinni í mánuði eða oftar*


Nokkur munur er bakgrunni fólks og hversu oft mat er hent eins og koma reyndar fram hér að framan. Til að skoða þetta nánar var búinn til kvarði sem mælir hversu oft matvöru er hent. Kvarðinn er á bilinu 0 til 44 en þeir sem henda þeirri matvöru sem talin var upp hér að framan sjaldnar en 5 sinnum á ári taka gildið 0 en þeir sem henda öllum þessum matvörum einu sinni í viku eða oftar fá gildið 44. Á mynd 2 má sjá hvaða hópar henda mest af atvælum



Mynd 2. Hverjir henda mest af matvælum (kvarði 0-44)

Marktækur munur er á öllum hópunum ($\alpha=0,001$) nema körlum og konum. Yngra fólk hefur oftast matvöru en þeir sem eldri eru, fólk á höfuðborgarsvæðinu hefur mat oftast en fólk út á landi og fólk með meiri menntun og hærri tekjur henda oftast en aðrir. Þegar litið er til fjölda heimilismanna þá er mat síðast hent þar sem einn er í heimili, en fjöldi heimilismanna lættir að skipta máli þegar þrír eða fleiri eru í heimili.

Fólk var spurt hvort það hefði keypt matvæli í risapakningum eða tvær pakningar á verði einnar og þurft að henda afganginum síðustu 6 mánuði. Um 11% landsmanna könnuðust við að hafa lent í þessu. Þeir sem yngri eru hafa frekar lent í þessu en þeir eldri ($\alpha=0,001$). Þetta hafði komið fyrir fjórðung svarenda yngri en 30 ára en bara 3% þeirra sem voru eldri 60 ára. Íbúar höfuðborgarsvæðisins kaupa frekar risapakningar sem þarf að henda hluta af en þeir sem búa á landsbyggðinni ($\alpha=0,001$).



Mynd 3. Hefur þú keypt matvæli í risapakningum og nota einungis hluta og hent afganginum á síðustu 6 mánuðum?

Neysluhópar

Þegar að kemur af matvælum er ekki mikill munur á sóun hópanna en í öllum tilvikum virðist vera sem að kærulausi neysluhópurinn hendi og sói mest af mat.

Einnig er það hömlulausi hópurinn sem eyðir mest í mat, næst kemur samvísusami neysluhópurinn en minnst eyða sakbitnu neytendurnir í mat og munar þriðjungur á þeim hömlulausa hópnum. Kærulausir neytendur telja þó að verðmæti þeirra matvöru sem hent er vera mest en samvísusamir minnst. Í töflu 7 má sjá nokkrar fullyrðingar um afhverju mat er hent á heimilinu og kærulausir neytendur voru líklegastir til að vera sammála þessum fullyrðingum. Hömlulausi hópurinn er ólíklegastur til að gera innkaupalista áður en hann fer að versla en sakbitni hópurinn líklegastur og verslar hann einnig sjaldnast í matinn.

Í könnuninni voru svarendur beðnir að meta hversu miklu væri varið í matvæli á þeirra heimili í meðalviku. Að meðaltali telja svarendur verja um 14 þúsund krónum í matvæli á heimilum svarenda á viku. Matvælaeikningur svarenda er þó fer hækkandi með meiri menntun, hærri heimilistekjum og fjölda í heimili ($\alpha=0,001$).

Tafla 4. *Hversu miklu telur þú að varið sé í matvæli á þínu heimili í venjulegri viku?*

	Fjöldi	Hlutfall
Minna en 5.000 kr.	63	5%
5.000 - 10.000 kr.	396	34%
11.000 - 20.000 kr.	488	42%
21.000 - 30.000 kr.	146	13%
31.000 - 40.000 kr.	38	3%
41.000 - 50.000 kr.	11	1%
Meira en 50.000 kr.	17	2%
Samtals	1159	100%
Meðaltal	14.122	

En svarendur voru einnig beðnir um að meta verðmæti þeirrar matvöru sem færi til spillis eða í ruslið í hverri viku og að meðaltali töldu þeir að verðmæti þess væri um 800 kr. Er það um 6% af heildarverðmæti matvöru sem keypt er inn á heimilin í landinu.

Tafla 5. *Hvert telur þú vera verðmæti þeirra mat- og drykkjarvöru sem hent er á þínu heimili í venjulegri viku?*

	Fjöldi	Hlutfall
0 kr.	108	9%
Minna en 500 kr.	491	42%
500 - 1.000 kr.	332	28%
1.001 - 1.500 kr.	108	9%
1.501 - 2.000 kr.	70	6%
2.001 - 3.000 kr.	26	2%
3.001 - 4.000 kr.	13	1%
4.001 - 5.000 kr.	4	0%
Meira en 5.000 kr.	22	2%
Samtals	1174	100
Meðaltal	811	

Þegar að fólk var beðið að svara því hverjar það teldu ástæður þess að mat sé hent á þeirra heimili tóku flestir undir þá fullyrðingu að betra væri að eiga meira en minna af mat, að umbúðir og einingar væru of stórar eða einfaldlega að eitthvað sé keypt inn sem ekki er borðað.

Tafla 6. *Á mínu heimili er matvælum hent af því að...*

	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi
betra er að eiga meira en minna af mat umbúðir og einingar eru of stórar	19%	20%	20%	26%	15%	1107
eitthvað er keypt inn sem ekki er borðað	23%	22%	22%	18%	15%	1107
það er elda of mikið í hvert sinn	24%	24%	17%	23%	12%	1115
það er erfitt að gera sér grein fyrir þörf heimilisins	24%	26%	15%	22%	13%	1103
það er keypt of mikið inn	26%	24%	17%	20%	14%	1110
réttir sem keypt hefur verið hráefni í eru ekki eldaðir	29%	21%	17%	17%	16%	1112
	36%	20%	13%	15%	16%	1111

Fólk var spurt hversu oft væri verslað í matinn á þeirra heimili svöruðu flestir því til að það væri gert tvisvar til fjórum sinnum í viku. Þeir sem yngri eru versla oftar í matinn en þeir sem eru eldri og eftir því sem heimilistekjur hækka er oftar verslað í matinn ($\alpha=0,001$).

Tafla 7. *Hversu oft er verslað í matinn á þínu heimili?*

	Fjöldi	Hlutfall
Daglega	55	5%
5 - 6 sinnum í viku	156	13%
2 - 4 í viku	700	59%
Einu sinni í viku	224	19%
2 - 3 í mánuði	42	4%
Sjaldnar	2	0%
Samtals	1179	100%

Svarendur voru spurðir af því hvort þeir gerðu innkaupalista þegar verslað væri fyrir heimilið en 18% sem gerir það alltaf, þriðjungur oft en um fjórðungur stundum. Konur eru líklegir til að gera innkaupalista fyrir heimilið en karla og eldra fólk geri það frekar en yngra fólk ($\alpha=0,001$).

Tafla 8. *Hversu oft gerir þú innkaupalista þegar að þú ferð og verslar fyrir heimilið? Myndir þú segja að það væri...*

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf	215	18%
Oft	385	33%
Stundum	265	23%
Sjaldan	238	20%
Aldrei	72	6%
Samtals	1175	100

5. Sónun á vöru og þjónustu

Í könnuninni var fólk spurt hvort það hafi keypt ýmsa vöru og þjónustu sem hefði sjaldan eða aldrei verið notuð. Tilgangur þess var að kanna hversu algengt það er fólk kaupir eitthvað sem það svo getur ekki notað eða hefur ekki þörf fyrir að betur athuguðu máli. Í stuttu máli er hægt að skipta því sem spurt var um í fjóra flokka þ.e. heilsutengda vöru eða þjónusta, fatnað, græjur (tæki eða búnaður) og afþreying.

Um helmingur svarenda kannaðist við að hafa keypt einhverskonar heilsuvöru eins og vítamín eða fæðubótarefni sem ekki var lokið við eða ekki notað. Tæplega 40% svarenda höfðu keypt snyrtivörur sem höfðu verið lítið notaðar og tæplega 30% höfðu keypt aðgang að einhvers konar líkamsræktarklúbbi sem var sjaldan eða aldrei notaður. Að meðaltali segjast svarendur eyða tæpum fjögur þúsund krónum á ári í slíkar vörur. Hlutfallslega fleiri konur kaupa heilsutengda vöru og þjónustu sem ekki er notuð en karlar eyða hærri fjárhæðum í slíkt á ári. Einnig þeir sem hafa meiri menntun og hærri tekjur ($\alpha=0,001$).

Neysluhópar

Hömlulausi neysluhópurinn er líklegri til að hafa keypt heilsutengda vöru og þjónustu sem hefur komið að litlum sem engum notum en samviskusami hópurinn er ólíklegastur til að gera slíkt.

Kærulausir neytendur eru líklegastir til að hafa keypt föt á útsölu eða föt á ættingja sem hafa verið lítið sem ekkert notuð en hömlulausi hópurinn er líklegastur til að hafa keypt föt til eigin nota sem þarf að léttast til að geta notað. Hömlulausi i neytendahópurinn eyðir mest í óþarfa fatakaup en samviskusami hópurinn minnst.

Tafla 9. *Hefur þú keypt þér heilsutengda vöru eða þjónustu sem var sjaldan eða aldrei notuð?*

Heilsutengd vara og þjónusta	Já	Nei
Hefur þú einhvern tíma keypt heilsuvörur eins og vítamín eða fæðubótarefni sem þú hefur ekki lokið við eða jafnvel ekki notað?	48%	52%
Hefur þú einhvern tíma keypt snyrtivörur eða sápur sem þú hefur lítið sem ekkert notað?	39%	61%
Hefur þú einhvern tíma keypt þér kort í líkamsrækt eða greitt fyrir aðild að félagi eða klúbbi sem þú notar sjaldan eða jafnvel aldrei?	28%	72%
Hefur þú einhvern tíma hent matvælum vegna þess að þú varst að byrja í megrun eða heilsuátaki?	8%	92%
Meðaleyðsla í heilsutengda vöru og þjónustu sem ekki er notuð á ári	3696	

Mikið var um það að fólk hafi keypt föt sem ekki hentuðu og um helmingur svarenda hafði keypt föt eða skó á útsölu sem voru sjaldan eða aldrei notuð. Konur eru mun líklegri til að gera slík kaup (67%) en karlar (37%) og sömu sögu eru að segja með yngri svarendur ($\alpha=0,001$). Litlu færri höfðu keypt slíkt á aðra í fjölskyldunni sem komu að litlum sem engum notum eða 43% svarenda. Algengara er að konur geri slík kaup en karlar enda ekki ólíklegt að fatakaup börn sé frekar í verkahring kvenna. Tæplega 20% svarenda hafa keypt föt á sjálfan sig sem þeir hafa þurft að léttast til að komast í og kemur nokkuð á óvart að lítill munur er á körlum og konum þegar kemur að slíkum innkaupum. Að meðaltalið eyða svarendur tæplega sex þúsund krónum í fatakaup sem koma að litlum eða engum notum á ári. En almennt eyða konur og þeir sem yngir eru hærri fjárhæðum í föt sem koma að litlum notum ($\alpha=0,001$).

Tafla 10. *Hefur þú keypt fatnað sem hefur sjaldan eða aldrei verið notaður?*

Föt	Já	Nei
Hefur þú keypt föt eða skó á útsölu sem þú hefur einungis notað einu sinni, tvisvar eða jafnvel aldrei?	49%	51%
Hefur þú keypt föt eða skó á aðra í fjölskyldunni (t.d. börn eða maka) sem voru sjaldan eða aldrei notuð?	43%	57%
Hefur þú keypt föt á sjálfa(n) þig sem þú hefur þurft að léttast til að passa í en svo aldrei getað notað?	19%	82%
Meðaleyðsla í föt á ári sem eru lítil eða ekkert notuð	5730	

Þegar að spurt er um ýmis raftæki sem keypt hafa verið og lítið sem ekkert notuð kannast fjórðungur svarenda við slíkt. Karlar eru líklegri líklegri til að kaupa slíka hluti og eyða hærri fjárhæðum til slíkra kaupa ($\alpha=0,001$). Litlu færri hafa keypt tæki í eldhúsið sem hefur komið að litlum notum en þar standa kynin jafnfætis. En karlar eru líklegri til að hafa keypt sér búnað vegna nýs áhugamáls sem var svo ekki stundað. Svarendur meta það sem svo að þeir eyði að meðaltali um 3500 kr. í raftæki eða búnað sem ekki er notaður á hverju ári en konur er varla hálfdrættingar við karlar þegar kemur að eyðslunni.

Neysluhópar

Þegar að kemur að kaupum á ýmsum græjum sem hafa verið lítið sem ekkert notaðar er ekki mikill munur á hópunum nema að samviskusami hópurinn er mun ólíklegri en aðrir til að kaupa slíkt. Hömlulausi hópurinn er þó mun líklegri til að hafa keypt sér búnað vegna nýs áhugamáls sem fljótlega var gefið upp á bátinn. Sá hópur hefur eytt mest í græjukaup á síðustu 12 mánuðum en samviskusami hópurinn minnst.

Tafla 11. *Hefur þú keypt raftæki eða búnað sem hefur verið lítið eða aldrei notaður?*

Ahugamál	Já	Nei
Hefur þú einhvern tíma keypt raftæki eða tölvubúnað sem þú hefur aðeins notað í skamman tíma en hætt svo að nota?	25%	75%
Hefur þú keypt tæki í eldhúsið t.d. brauðvél eða blandara sem eru sjaldan eða aldrei notuð?	22%	78%
Hefur þú einhvern tíma keypt nauðsynlegan búnað vegna nýs áhugamáls en gefið áhugamálið upp á báttinn stuttu seinna?	17%	83%
Meðaleyðsla í áhugamál á ári sem er lítið sem ekkert sinnt	3526	

Þegar að spurt er um ýmsa afþreyingu hafa flestir keypt bók til eigin nota sem þeir hafa aldrei lesið. Einnig er algengt að keypt séu leikföng handa börnum sem koma að litlum notum eða myndbönd og hljómdiskar. Að meðaltali telur fólk sig eyða tæplega fimm þúsund krónum í slíkan varning sem kemur að litlum notum á ári. Karlar talsvert eyða hærri fjárhæðum í afþreyingu sem ekki er notuð en konur og eftir því sem að menntun og heimilistekjur aukast meira eytt í slíkt.

Neysluhópar

Þegar að kemur af ýmissi afþreyingu er sakbitni neysluhópurinn líklegastur til að hafa keypt sér bók til eigin nota sem aldrei var lesinn. En hömlulausi hópurinn kaupir mest af annarri afþreyingu sem ekki er notuð. Hann eyðir einnig mest í óþarfa afþreyingu eða tæplega helmingi meira en samviskusami hópurinn sem eyðir minnst.

Tafla 12. *Ýmis afþreying*

Afþreying	Já	Nei
Hefur þú keypt bók, til eigin nota, sem þú last aldrei?	37%	63%
Hefur þú keypt leikfang eða annan tólmundabúnað fyrir barnið þitt sem var notað sjaldan eða jafnvel aldrei?	30%	71%
Hefur þú keypt geisladisk, myndband eða DVD disk, til eigin nota, sem þú hefur aldrei hlustað eða horft á?	25%	75%
Ertu áskrifandi að dagblaði eða tímariti sem þú lest sjaldan eða aldrei?	7%	93%
Meðaleyðsla á ári í afþreyingu sem er lítið eða aldrei er notuð	4618	

Helmingur svarendar hefur keypt eitthvað á útsölu sem ekki hefur hentað við nánari athugun. Um 60% kvenna hafa gert slík kaup en 40% karla. Þeir sem yngri eru líklegri en þeir sem eldri eru hafa frekar látið kapp ráða frekar en forsjá á útsölum ($\alpha=0,001$). Um 40% svarenda hefur keypt e-ð erlendis sem ekki hefur hentað við nánari athugun og tæplega þriðjungur segist haf keypt e-ð sem ekki kom að notum vegna verðsins. En það vekur athygli að frekar fáir hafa keypt e-ð í gegnum netið sem hentar ekki við nánari athugun. Að meðaltali telur fólk sig eyða um 3600 krónur í slæm kaup á útsölum eða netverslunum.


Neysluhópar

Hömlulausi neysluhópurinn er líklegastur til að hafa keypt eitthvað erlendis eða á útsölu sem ekki hentaði við nánari athugun. En kærulausi neytendahópurinn hefur örlítið vinninginn þegar að kemur að því að kaupa eitthvað á útsölu vegna þess að það var á svo góðu verði. Samviskusami hópurinn er ólíklegastur til að hafa keypt eitthvað sem ekki nýttist í útlöndum eða á útsölum. Hömlulausi hópurinn hefur eytt nokkuð meira en aðrir hópar í slík kaup síðustu 12 mánuði.

Tafla 13. *Sóun í útsölur og netverslanir*

Útsölur og netverslanir	Já	Nei
Hefur þú einhvern tíma keypt eitthvað á útsölu sem hentaði ekki við nánari athugun?	49%	51%
Hefur þú einhvern tíma keypt eitthvað erlendis sem hentaði ekki við nánari athugun?	42%	58%
Hefur þú einhvern tíman keypt eitthvað, sem þú veist að þú hefur lítil eða engin not fyrir, vegna þess að það á svo góðu verði?	32%	68%
Hefur þú einhvern tíma keypt eitthvað í gegnum netverslun sem hentaði ekki við nánari athugun?	8%	92%
Meðaleyðsla á ári á útsölum eða netverslunum í vörur sem eru lítið sem ekkert notaðar	3611	

Eins og kemur fram í töflum 11 og 14 þá hefur um helmingur landsmanna keypt köttinn í seknum á útsölum. Þrátt fyrir oft megi gera góð kaup á útsölum er greinilegt stundum ræður kapp frekar forsjá ferðinni í slíkum innkaupum. Að meðaltali telur fólk sig eyða um 17.500 krónum á ári í þessa hluti sem hér er spurt um og koma að litlum sem engum notum.



Tafla 14. Hversu er eytt í hluti sem ekki nýtast á ári


Þegar skoðað er hversu mikið hinir ýmsu hópar hafa eytt í vöru eða þjónustu sem hefur verið illa nýtt má sjá að karlar eyða að meðaltali nokkru meira en konur í slíka hluti, Karlar eyða um 20 þús. krónum á meðan konur eyða um 15 þús. krónum í slíka hluti á ársgrundvelli. Fólk á aldrinum 35-44 ára eyðir mestu í vöru og þjónustu sem ekki er notuð en þeir sem 60 ára og eldri eyða minnstu. Þeir sem eru meira menntaðir eyða meiru en þeir sem eru minna menntaðir og sama má segja með þá sem hafa hærri tekjur.

Neysluhópar

Alls var spurt um 17 atriði þar sem e-ð var keypt sem kom að litlum sem engum notum. Að meðaltali hafi hömlulausi hópurinn oftast keypt einhvern óþarfa eða ríflega sjö sinnum. Kærulausir og sakbitnir voru á svipuðu róli og höfðu keypt einhvern óþarfa fimm sinnum. En samviksusamir neytendur höfðu sjaldnast keypt einhver óþarfa eða þrisvar að meðaltali. Þegar að skoðað er hve miklu þessir fjórir neysluhópar telja sig hafa eytt í vöru og þjónustu sem hefur verið lítið eða ekkert notuð kemur ekki óvart að hömlulausi neysluhópurinn hefur eytt mest eða vel yfir 20 þús. krónum. Næstur kemur kærulausi hópurinn hefur eytt tæplega 18 þús. krónum en sakbitni hópurinn eyddi 16 þús. en samviskusami hópurinn eyddi minnst eða um 11 þús krónum.

6. Gjafir

Gjafir eru einn þáttur í sóun samfélagsins sem hefur verið lítið rannsakaður en svarendur voru inntir eftir því hvort þeir hefðu fengið gjöf sem þeir hefðu ekki not fyrir en vegna tillitssemi við gefandann var gjöfinni ekki skipt. 65% svarendar kannast við að hafa fengið slíka gjöf. Fleiri konur en karlar hafa fengið slíka gjöf og einnig þeir sem yngri eru frekar en þeir eldri.




Mynd 4. Hefur þú fengið gjöf sem þú hefur ekki not fyrir en af tillitsemi við gefandann skiptir þú henni ekki?

Meirihluti svarenda hefur fengið gjöf sem átti að skipta en einhverra hluta vegna varð aldrei af því. Þeir sem yngri eru hafa frekar látið hjá líða að skila gjöfum sem henta ekki og einnig þeir sem hafa hærra tekjur og meiri menntun.

Neysluhópar

Ekki kemur fram mikill munur á hópunum þegar gjafir eru annars vegar. Flestir hafa fengið gjöf sem þeir hafa ekki not fyrir en ekki vilja skipta af tillitsemi við gefandann. Kærulausi hópurinn er líklegastur til að hafa ætlað að skipta gjöf en aldrei látið verða af því en hömlulausi neysluhópurinn er líklegastur til að hafa keypt dýrari gjöf en hann hefur viljað vegna þess að það er venjan. Hann eyðir einnig mestu í gjafir en samviskusami hópurinn minnstu.




Mynd 5. Hefur þú fengið gjöf sem þú hefur ætlað að skila eða skipta en aldrei látið verða af því?

Flestir gjafir sem fólk fær koma þó að góðum notum eru þó á því að þær gjafir sem þeir hafi fengið komi að góðum notum eða tæplega 80%.

Tafla 15. Ef þú hugsar um þær gjafir sem þú færð að jafnaði hversu margar telur þú að hafi komið að góðum notum?

	Fjöldi	Hlutfall
Allar	68	6%
Flestar	920	78%
Sumar	162	14%
Fáar	20	2%
Engar	7	1%
Samtals	1177	100

Þegar að fólk er spurt að því hvort það hafi keypt dýrari gjöf en það hafi viljað eingöngu vegna þess að það er venjan hafa tæplega 40% svarenda gert það. Yngri svarendur hafa frekar keypt dýrari gjöf en þeir hafa viljað og einnig þeir sem hafa meiri menntun.




Mynd 6. Hefur þú keypt dýrari gjöf en þú hefur viljað eingöngu vegna þess að það er venjan.

Flestir Íslendingar (36%) meta það sem svo að þeir gefið gjafir fyrir um 40 til 50 þúsund á ári og að meðaltali er það tæplega 40 þúsund krónur. Karlar kaupa gjafir að meðaltali fyrir hærri upphæðir en konur og þeir sem eldri eru kaupa gjafir fyrir hærri upphæðir en þeir sem yngri eru. Þeir sem eru með meiri menntun og hærri heimilistekjur eyða einnig meira í gjafir en aðrir ($\alpha=0,001$).

Tafla 16. Hversu miklum peningum, um það bil, verð þú til gjafa í meðalári?

	Fjöldi	Hlutfall
Minna en 1.000 kr.	17	2%
1.000 - 5.000 kr.	33	3%
5.000 - 10.000 kr.	91	8%
11.000 - 20.000 kr.	140	12%
21.000 - 30.000 kr.	149	13%
31.000 - 40.000 kr.	131	11%
41.000 - 50.000 kr.	414	36%
Meira en 50.000 kr.	172	15%
Samtals	1147	100
Varið í gjafir að meðaltali		38.291


7. Viðhorf og ástæður sóunar



Mynd 7. Að teknu tilliti til alls þess sem spurt var um hér að framan telur þú þig einhvern tímann sóa peningum?

Flestir svarendur telja sig sóa peningum og er ekki mikill munur á bakgrunni svarenda nema að þeir sem yngri eru telja sig frekar sóa peningum en þeir eldri ($\alpha=0,001$).

Þegar að fólk er spurt af því hvort það verði að sóa peningum vegna utankomandi þrýstings eða til að geta haldið í við nágranna telja 27% sig hafa gert slíkt. Þeir sem hafa minni menntum og tekjur telja sig frekar hafa lent í slíkri aðstöðu en aðrir ($\alpha=0,001$).




Mynd 8. Hefur þér einhver tímann fundist þú verða að sóa peningum vegna utanaðkomandi þrýstings eða til að geta að haldið í vini eða nágranna?

Tafla 17. Ástæða þess að ég sóa peningum er... (einungis þeir sem telja sig sóa peningum)


	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi
að ég hef nokkra ánægju af því að sóa aðeins	15%	22%	22%	29%	12%	672
að ég hef það ágætt fjárhagslega og hef efni á því að sóa aðeins	12%	25%	23%	30%	10%	668
að ég tel mig oft þurfa meira en raunin er	14%	24%	23%	30%	9%	679
að ég á það skilið og ég vil verðlauna mig	14%	27%	22%	26%	11%	674
að ég nýt þess að sóa peningum	30%	17%	20%	10%	22%	671
að ég hef litla stjórn á eyðslu minni	32%	20%	13%	12%	24%	670
að ég geri mér illa grein fyrir þörfum mínum/heimilisins	30%	23%	13%	15%	19%	671

Þegar að fólk er spurt hvaða ástæður eru fyrir því að það sóar peningum eru margir sem líta á það nokkuð jákvæðum augum. Flestir taka undir þá fullyrðingu að þeir hafi nokkra ánægju af því að sóa aðeins en aðeins færri segjast hafa efni á að sóa aðeins. Fæstir taka undir fullyrðinguna um að þeir geri sér illa grein fyrir þörfum heimilisins en samt eru það um þriðjungur svarenda. Til einföldunar var búinn til kvarði úr þeim atriðum sem koma fram í töflu 17 sem tekur gildi frá einum til fimm. Þeir sem fá gildið einn líta soun mjög neikvæðum augum en þeir sem taka gildið fimm líta á soun mjög jákvætt. Eins og sjá má á mynd 9 eru karlar jákvæðir gagnvart soun en konur og einnig þeir sem hafa meiri menntun. Einnig vekur athygli að þeir sem vinna skrifstofustörf og önnur sérhæfð störf líta á soun mun jákvæðari augum en aðrir.



Mynd 9. Viðhorf til sóunar (kvarði 1-5)

Langflestir eru á því að þeir geti ráðstafað peningum sínum á skynsamri hátt. Þeir sem yngri eru telja frekar en þeir eldri að þeir geti farið betur með peninga, einnig þeir sem eru með meiri menntun og hærri tekjur.



Tafla 18. *Telur þú þig geta dregið úr peningaeyðslu og ráðstafað peningunum þínum á skynsamari hátt?*

Þeir sem telja sig sóa peningum voru spurðir af því hvað þeir myndu helst gera við peningana sem þeir hefðu umleikis ef þeir myndu ekki sóa þeim nefndu flestir að þeir myndu leggja fyrir og fjárfesta. Einnig ætluðu margir að greiða niður skuldir eða láta eitthvað eftir sér eins og utanlandsferð.

Tafla 19. *Hvað myndir þú vilja gera ef þú sóaðir ekki peningum og hefðir því rýmri fjárráð*


	Hlutfall	Fjöldi
Ég myndi leggja fyrir eða fjárfesta	65%	460
Ég myndi greiða niður skuldir	56%	397
Ég myndi láta eitthvað eftir mér t.d. utanlandsferð	48%	340
Ég myndi vinna minna til að eiga meiri tíma fyrir fjölskylduna eða til að sinna áhugamálum	32%	225
Ég myndi safna meira í lífeyrissjóð	26%	184
Ég myndi gefa peningana til góðgerðamála eða fjölskyldunnar	23%	163
Annað	5%	35

Flestir svarendur (94%) eru á því að Íslendingar sói mjög eða frekar miklum peningum. Þeir sem eru með minni menntun og lægri tekjur eru frekar á þessari skoðun en aðrir. Athygli vekur að nánast enginn telur að Íslendingar sói litlum peningum.

Tafla 20. *Telur þú almennt séð, að Íslendingar sói miklum eða litlum peningum*

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög miklum	464	40%
Frekar miklum	622	54%
Hvorki miklum né litlum	62	5%
Frekar litlum	3	0%
Mjög litlum	2	0%
Samtals	1153	100

En þegar spurt er hvort kynið sói meiri peningum þá standa þau nokkuð jafnfætis. Enginn munur kemur fram á skoðunum kynjanna á þessu atriði en kynin skiptast til helminga í skoðunum sínum á því hvort kynið sói meiri peningum. En talverður munur kemur fram eftir aldri svarenda en þeir sem yngri eru telja að konur sóir meiri peningum en karlar en eldri svarendur hallast frekar að því að karlar sói meiri peningum en konur ($\alpha=0,001$). Þeir sem hafa meiri menntun hallast frekar að því að karlar sói meiri peningum en þeir sem eru minna menntaðir telja frekar að konur sói meira en karlar ($\alpha=0,001$).



Tafla 21. *Hvort telur þú að karlar eða konur sói almennt meiri peningum?*


8. Viðhorf til sorpflokkunar

Í seinni hluta þessarar rannsóknar var kannað viðhorf fólks til sorpflokkunar og í hvaða mæli fólk flokkar sorp. Þegar að fólk var spurt í hvaða mæli það flokkaði sorp var nefnt til sögunnar flest það sem endurvinnslustöðvar taka á móti. Langflestir eða um 90% svarenda sögðust alltaf flokka drykkjarumbúðir með skilagjaldi. Einnig eru flestir sem flokka alltaf ýmsa nytjahluti, spilliefni og rafhlöður frá venjulegu heimilissorpi. En þegar að kemur að mjólkurfernum, kertaafgöngum og lífrænum úrgangi þá er meirihluti svarenda sem flokkar það ekki frá sorpi.

Tafla 22. *Eru eftirtaldir hlutir alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei flokkaðir frá sorpi á þínu heimili?*

	Alltaf	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Ekki boðið upp á í sveitarf.	Fjöldi
Drykkjarumbúðir með skilagjaldi	89%	3%	3%	4%	1%	1153
Rafhlöður	66%	16%	7%	11%	1%	1145
Dagblöð og tímarit	65%	10%	5%	13%	8%	1157
Nytjahlutir t.d. húsgögn, heimilistæki og aðrir hlutir sem ekki eru ónýtir	63%	19%	6%	8%	4%	1116
Spilliefni (t.d. málning, lyf o.fl.)	62%	19%	7%	9%	3%	1126
Garðúrgangur	58%	14%	4%	21%	3%	1120
Föt og skór	50%	25%	8%	14%	4%	1131
Málmur (annar en dósir með skilagjaldi)	42%	18%	12%	25%	4%	1124
Bylgjupappi	39%	20%	8%	24%	9%	1114
Mjólkurfernur	36%	8%	9%	39%	9%	1140
Kertaafgangar	21%	14%	10%	50%	6%	1121
Lífrænn úrgangur frá heimili	14%	10%	10%	55%	11%	1121

Til að meta hvort mikill munur væri á flokkun einstakra hópa var búinn til meðaltalskvarði úr þeim spurningum sem sjá má í töflu frá 0 og upp í 36 en þeir sem fá gildið núll á kvarðanum flokka aldrei neitt af því sem talið var upp hér að framan en þeir sem fá gildið 36 flokka alltaf allt það sem talið var upp. Meðaltal allra svarenda var 22,6 og eins sjá má á mynd 8 er lítill munur á kynjunum en þeir sem eldri eru flokka marktækt meira en þeir sem yngri eru. Íbúar sveitarfélaganna í kringum höfuðborgarsvæðið eru duglegastir að flokka en svo koma íbúar Reykjavíkur en íbúar á landsbyggðinni flokkar síður en aðrir. Eftir því sem heimilistekjur hækka er fólk duglegra að flokka og einnig eftir því sem fleiri eru í heimili ($\alpha=0,001$).



Mynd 10. Hversu oft eru hlutir flokkaðir frá sorpi (kvarði frá 0 til 36)

Svarendur voru spurðir af hverju sorp væri ekki flokka í meira mæli á heimili viðkomandi voru um 40% svarenda sammála því að það væri of mikil fyrirhöfn, að þeir hefðu ekki pláss til þess að flokka sorp og það væri tilganglaust því sorpið væri ekki endurunnið. Um þriðjungur svarenda töldu sorpflokkun skipta litlu máli fyrir umhverfið og að þeir græddu ekkert á því.


Tafla 23. *Á mínu heimili er sorp ekki flokkað í meira mæli því...*

	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi
það er of mikil fyrirhöfn	23%	20%	17%	18%	22%	1088
ég hef ekki pláss til að flokka sorp á heimilinu	29%	17%	14%	15%	26%	1096
ég tel það vera tilgangslaust, ég held að sorpið sé hvort eð er ekki endurunnið	29%	19%	12%	15%	25%	1097
ég græði ekkert á því	38%	13%	17%	8%	25%	1080
það skiptir ekki máli fyrir umhverfið	51%	12%	5%	5%	28%	1088

Fólk lýsir mjög svipaðri afstöðu til þessara spurninga og því var afraðið að búa til einn kvarða úr þessum spurningum sem mælir vilja til sorpflokkunar ($\alpha=0,84$) sem tekur gildið einn til fimm þar sem einn þýðir að viðkomandi hefur mjög lítinn vilja til flokkunar er fimm að viðkomandi hafi mjög mikinn vilja. Eins við mátti búast er mikil fylgni milli vilja fólks til sorpflokkunar og hversu mikið það flokkar eða vilji fólks til flokkunar skýrir um 34% af breytunni sem mælir hversu mikið fólk flokkar ($\eta^2=0,34$, $p=0,001$). Ef viðhorf til flokkunar er greint eftir bakgrunnsbreytum má sjá að konur eru mun jákvæðir til flokkunar er karlar og elsti hópur svarenda er jákvæðari en yngri hóparnir. Þeir sem eru minna menntaðir eru jákvæðari gagnvart flokkun en þeir sem eru meira menntaðir og sama má segja um þá sem hafa lægri tekjur eins og sjá má á mynd 11.

Neyslúhópar

Ekki kemur fram mikill munur á neyslúhópunum þegar kemur að flokkun sorps þó að samviskusami neyslúhópurinn sé örlítið duglegri við að flokka og skila en hinir hóparnir og hömlulausir neytendur flokka síður en aðrir. Samviskusami hópurinn er einnig jákvæðastur gagnvart sorpflokkun þ.e. telur hana síður vera fyrirhöfn eða óþarfa en hinir hóparnir þá sérstaklega hömlulausi neyslúhópurinn. Samviskusami hópurinn er frekar á því að það sér borgarlega skylda sín að flokka sorp en aðrir. Hömlulausi hópurinn er frekar á því en hinir hóparnir að hann myndi frekar flokka ef flokkað sorp væri sótt heim til þeirra.



Mynd 11. Hversu jákvætt eða neikvætt fólk er til flokkunar (kvarði frá 1 til 5)

Þegar að fólk var spurt af því hvort það væri líklegra til að flokka meira ef flokkað sorp væri sótt heim til þeirra taldi mikill meirihluti það mjög eða frekar líklegt eða um 80% svarenda. Einungis 10% sögðu það ólíklegt.

Tafla 24. *Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú myndir flokka meira ef flokkað sorp væri sótt heim til þín?*

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög líklegt	644	56%
Frekar líklegt	274	24%
Hvorki né	130	11%
Frekar ólíklegt	41	4%
Mjög ólíklegt	63	6%
Samtals	1153	100

